

Árshlutauppgjör 3F 2025

María Björk Einarsdóttir og Hjörtur Þór Steindórsson



Rekstur

Vaxandi afkoma af traustum rekstri

Stöðugar tekjur og aukinn hagnaður

- Tekjur aukast um 1,5% milli ára úr 6.955 m.kr. í 7.062 m.kr.
- EBIT er 1.025 m.kr. og vex um 18,6% á milli ára
- Hagnaður eykst um 39% úr 449 m.kr. í 622 m.kr.
- Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta eykst um 23% á milli ára og nemur tæpum 1,8 ma.kr.

Stoðirnar styrkjast

- Auglýsingatekjur í umhverfis- og sjónvarpsmiðlum Símans aukast um 12,8% á milli ára
- Síminn hefur undirritað samstarfssamning um endursölu Starlink gervihnattalausna og eykur þannig enn á vöruframboð á fyrirtækjamarkaði
- Rúmlega milljón spilanir á efni Hayu-sjónvarpsveitunnar frá innleiðingu síðsumars og á annan tug þúsunda virkjað áskrift að HBO
- Áframhaldandi öflugur vöxtur í fyrirtækjakorti Símans Pay

Grunnur að stækkandi samstæðu

- Nýr lánasamningur við Arion banka tryggir hagstæðari kjör og aukið aðgengi að fjármagni til að styðja við frekari vöxt
- Undirbúningur hafinn að breyttu skipulagi samstæðunnar með færslu fjarskipta- og miðlareksturs Símans í nýtt dótturfélag





Rekstrarreikningur 3F

Rekstrarhagnaður eykst markvert

Heildartekjur námu 7.062 m.kr. og jukust um 106 m.kr. frá fyrra ári

- Tekjuaukning í farsíma og auglýsingamiðlun en gagnaflutningur og sjónvarp gefa aðeins eftir
- Ákveðið brottfall tengt enska boltanum en tekjuþróun í samræmi við spár

Kostnaðarverð sölu lækkar um 158 m.kr. frá fyrra ári

- Mestu munar um afskriftir af sýningarrétti enska boltans sem lauk í maí
- Kostnaður frá innviðabirgjum þróast í takti við verðlag
- Árangursrík kostnaðarstýring í viðvarandi verðbólgu

Rekstrarkostnaður hækkar um 104 m.kr. frá fyrra ári

- Kostnaður vegna starfslokasamninga og skipulagsbreytinga nam 95 m.kr. á fjórðungnum samanborið við 160 m.kr. á sama tímabili í fyrra
- Afskriftir óefnislegra eigna hækka um 43 m.kr., þar af 27 m.kr. afskriftir á viðskiptamannagrunni í tengslum við kaup á dótturfélögum
- Aðrir liðir hækka í takt við verðlagsþróun

EBITDA lækkar um 67 m.kr. og EBIT hækkar um 161 m.kr. frá fyrra ári

- 3F er fyrsti fjórðungur ársins án enska boltans sem skýrir að verulegu leyti hækkun á EBIT


	3F 2025	3F 2024	Breyting	%
Sala	6.888	6.773	115	1,7%
Kostnaðarverð sölu	(4.099)	(4.257)	158	-3,7%
Framlegð	2.789	2.516	273	10,9%
Aðrar rekstrartekjur	174	182	(8)	-4,4%
Rekstrarkostnaður	(1.938)	(1.834)	(104)	5,7%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	1.025	864	161	18,6%
<i>EBIT hlutfall</i>	<i>14,5%</i>	<i>12,4%</i>	<i>2,1%</i>	<i>16,8%</i>
Fjármunatekjur	240	178	62	34,8%
Fjármagnsgjöld	(485)	(470)	(15)	3,2%
Hrein fjármagnsgjöld	(245)	(292)	47	-16,1%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	780	572	208	36,4%
Tekjuskattur	(158)	(123)	(35)	28,5%
Hagnaður	622	449	173	38,5%
<i>Hagnaður á hlut</i>	<i>0,26</i>	<i>0,18</i>	<i>0,08</i>	<i>44,4%</i>
EBITDA	1.848	1.915	(67)	-3,5%
<i>EBITDA hlutfall</i>	<i>26,2%</i>	<i>27,5%</i>	<i>-1,4%</i>	<i>-5,0%</i>




Starfspættir

Tekjuþróun í takt við væntingar

Tekjuþróun eftir starfspáttum



Tekjubró eftir starfspáttum





Starfsþættir

Tekjuþróun í takt við væntingar

Farsími

- Áframhaldandi aukning í fjölda og tekjum á milli ára
- Reikitekjur standa í stað

Sjónvarpsþjónusta

- Tekjur af sjónvarpi lækka um 5%
- Áskriftum að Sjónvarpi Símans Premium hefur fækkað um 14,5% á milli ára, þar af má rekja tæplega helming til þess að samkeppnisaðili hætti að endurselja þjónustuna

Auglýsingamiðlun


- Umhverfismiðlar áfram í sókn
- Auglýsingatekjur í sjónvarpi sambærilegar á milli ára þrátt fyrir miklar breytingar á markaði

Annað


- Stærstur hluti aukningar frá nýjum tekjustraumum í fjártækni

Starfsþættir	3F 2025	3F 2024	Breyting	%
Farsími	1.837	1.797	40	2,2%
Gagnaflutningur	2.069	2.084	-15	-0,7%
Sjónvarpsþjónusta	1.662	1.750	-88	-5,0%
Auglýsingamiðlun	609	540	69	12,8%
Vörusala	329	364	-35	-9,6%
Annað	556	420	136	32,4%
Samtals	7.062	6.955	107	1,5%

3F 2025



3F 2024




Farsími Gagnaflutningur Sjónvarpsþjónusta Auglýsingamiðlun Vörusala Annað




Afkoma

Umtalsverður afkomuvöxtur


EBITDA




Frjálst fjárflæði*



EBIT



Hagnaður





Rekstrarreikningur 9M

Traustur rekstur á tímabilinu

- Heildartekjur á 9M 2025 námu 21.431 m.kr. samanborið við 20.401 m.kr. á sama tímabili 2024 sem samsvarar 5,1% vexti milli ára
- Tekjuvöxtur farsíma, gagnaflutnings og sjónvarpsþjónustu nam 1,2%
- Tekjur af auglýsingamiðlun hækkuðu um 528 m.kr. á milli ára, mestu munar um tekjur umhverfismiðla en auglýsingatekjur í sjónvarpsmiðlum hafa einnig aukist
- Tekjur af öðrum rekstri hækkuðu um 370 m.kr. á milli ára samhliða vaxandi tekjum í fjártækni
- Rekstrarkostnaður hækkaði um 228 m.kr. frá sama tímabili 2024, auk þess sem gjaldfærðar voru 461 m.kr. vegna stjórnvaldssektar og skaðabóta á 1F 2025
- EBITDA nam 5.505 m.kr. aðlagð fyrir sektar- og bótagreiðslu samanborið við 5.076 m.kr. á sama tímabili í fyrra
- Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 2.606 m.kr. aðlagð fyrir fyrir sektar- og bótagreiðslu samanborið við 1.931 m.kr. á sama tímabili í fyrra

	9M 2025	9M 2024	Breyting	%
Sala	20.908	19.898	1.010	5,1%
Kostnaðarverð sölu	(13.000)	(12.873)	(127)	1,0%
Framlegð	7.908	7.025	883	12,6%
Aðrar rekstrartekjur	523	503	20	4,0%
Rekstrarkostnaður	(5.825)	(5.597)	(228)	4,1%
Stjórnvaldssekt og skaðabætur	(461)	0	(461)	
Rekstrarhagnaður (EBIT)	2.145	1.931	214	11,1%
<i>EBIT hlutfall</i>	<i>10,0%</i>	<i>9,5%</i>	<i>0,5%</i>	<i>5,7%</i>
Fjármunatekjur	670	539	131	24,3%
Fjármagnsgjöld	(1.493)	(1.346)	(147)	10,9%
Hrein fjármagnsgjöld	(823)	(807)	(16)	2,0%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.322	1.124	198	17,6%
Tekjuskattur	(351)	(260)	(91)	35,0%
Hagnaður	971	864	107	12,4%
<i>Hagnaður á hlut</i>	<i>0,40</i>	<i>0,34</i>	<i>0,06</i>	<i>17,6%</i>
EBITDA	5.044	5.076	(32)	-0,6%
<i>EBITDA hlutfall</i>	<i>23,5%</i>	<i>24,9%</i>	<i>-1,3%</i>	<i>-5,4%</i>
Aðlagð fyrir stjórnvaldssekt og skaðabótum				
Aðlagð EBITDA	5.505	5.076	429	8,5%
<i>Aðlagð EBITDA hlutfall</i>	<i>25,7%</i>	<i>24,9%</i>	<i>0,8%</i>	<i>3,2%</i>
Aðlögað EBIT	2.606	1.931	675	35,0%
<i>Aðlagð EBIT hlutfall</i>	<i>12,2%</i>	<i>9,5%</i>	<i>2,7%</i>	<i>28,5%</i>



Efnahagur & sjóðstreymi




Efnahagsreikningur


Traustur efnahagur skapar grundvöll frekari sóknar

- Óefnislegar eignir lækka einkum vegna afskrifta á sýningarréttum. Sýningarréttur á ensku úrvalsdeildinni var að fullu afskrifaður í lok maí
- Útlán eru óbreytt frá 2F. Á fyrsta ársfjórðungi var yfirtaka á lánasafni að fjárhæð 1,4 ma.kr.
- Hækkun á öðrum skammtímakröfum er einkum vegna fyrirtækjakorta Símans Pay
- Langtímalán hækka um 2,4 ma.kr. þar sem yfirtaka á lánasafni að fjárhæð 1,4 ma.kr. var fjármögnuð með langtímaláni. Auk þess var gengið frá sölu á skuldabréfaflokki að fjárhæð 1,2 ma.kr. sem er á gjalddaga 2028

Hreinar vaxtaberandi skuldir*



Eiginfjárhlutfall



	30.09.2025	31.12.2024	Breyting	%
Rekstrarfjármunir	3.671	3.543	128	4%
Leigueignir	1.653	1.844	(191)	-10%
Óefnislegar eignir	25.389	26.243	(854)	-3%
Aðrar eignir	1.119	638	481	75%
Fastafjármunir	31.832	32.268	(436)	-1%
Birgðir	1.296	1.339	(43)	-3%
Viðskiptakröfur	2.385	2.503	(118)	-5%
Útlán	4.166	3.204	962	30%
Aðrar skammtímakröfur	1.696	1.033	663	64%
Handbært fé	1.116	835	281	34%
Veltufjármunir	10.659	8.914	1.745	20%
Eignir samtals	42.491	41.182	1.309	3%
Eigið fé	17.111	18.116	(1.005)	-6%
Eigið fé	17.111	18.116	(1.005)	-6%
Vaxtaberandi skuldir	15.122	12.733	2.389	19%
Leiguskuldbindingar	1.382	1.571	(189)	-12%
Tekjuskattsskuldbinding	501	686	(185)	-27%
Langtímaskuldir	17.005	14.990	2.015	13%
Vaxtaberandi skuldir	1.635	2.084	(449)	-22%
Viðskiptaskuldir	3.706	3.760	(54)	-1%
Næsta árs afborganir	816	780	36	5%
Aðrar skammtímaskuldir	2.218	1.452	766	53%
Skammtímaskuldir	8.375	8.076	299	4%
Eigið fé og skuldir samtals	42.491	41.182	1.309	3%


* Hreinar vaxtaberandi skuldir innihalda vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar að frádregnu handbæru fé og útlánum Símans Pay. 12M EBITDA 2024 inniheldur 12M pro forma EBITDA Billboard og Noona. 12M EBITDA 3F 2025 er leiðrétt fyrir 461 m.kr. vegna dómsmála.



Sjóðstreymi 3F

Handbært fé frá rekstri eykst umtalsvert

- Handbært fé eykst um 374 m.kr. á 3F frá sama fjórðungi fyrra árs
- Eigin bréf seld fyrir 197 m.kr. vegna kaupréttar starfsmanna
- Kaup eigin bréfa alls 630 m.kr.




	3F 2025	3F 2024
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	1.025	864
Afskriftir	823	1.051
Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi	2	9
Samtals rekstrarhreyfingar	1.850	1.924
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(69)	(479)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	1.781	1.445
Innborgaðir vextir	232	175
Greiddir vextir	(428)	(377)
Greiddir skattar	(73)	(139)
Handbært fé frá rekstri	1.512	1.104
Fjárfestingar í fastafjármunum	(556)	(431)
Útlán Símann Pay	53	(192)
Kaup á dótturfélögum að frádregnu handbæru fé	0	(134)
Fjárfestingarhreyfingar	(503)	(757)
Kaup eigin bréfa	(630)	(620)
Seld eigin bréf	197	0
Afborganir leiguskuldbindingar	(95)	(105)
Nettó breyting á lánum	(107)	(107)
Fjármögnunarhreyfingar	(635)	(832)
Breytingar á handbæru fé	374	(485)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(2)	(1)
Handbært fé í byrjun tímabilsins	744	1.634
Handbært fé í lok tímabilsins	1.116	1.148



Sjóðstreymi 9M

Sterkt sjóðstreymi einkennir tímabilið

- Handbært fé eykst um 291 m.kr. frá áramótum
- Lánasafn að fjárhæð 1,4 ma.kr. yfirtekið í febrúar
- Lántökur til meira en 12 mánaða nema 2,7 ma.kr., en afborganir langtímalána nema 321 m.kr. og skammtíma vaxtaberandi skuldir lækka um 449 m.kr.
- Kaup eigin bréfa alls 1.701 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins sem er aukning um 847 m.kr. m.v. sama tímabil árið 2024
- Lækkun fjárfestinga á milli ára er einkum tengd enska boltanum




	9M 2025	9M 2024
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	2.145	1.931
Afskriftir	2.899	3.145
Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi	19	46
Samtals rekstrarhreyfingar	5.063	5.122
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(349)	(299)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	4.714	4.823
Innborgaðir vextir	649	505
Greiddir vextir	(1.389)	(1.114)
Greiddir skattar	(196)	(372)
Handbært fé frá rekstri	3.778	3.842
Fjárfestingar í fastafjármunum	(1.792)	(2.494)
Útlán Símans Pay	(1.351)	(399)
Kaup á dótturfélögum að frádregnu handbæru fé	0	(3.866)
Fjárfestingarhreyfingar	(3.143)	(6.759)
Greiddur arður	(498)	(499)
Kaup eigin bréfa	(1.701)	(854)
Seld eigin bréf	197	0
Afborganir leiguskuldbindingar	(272)	(273)
Nettó breyting á lánum	1.930	3.885
Fjármögnunarhreyfingar	(344)	2.259
Breytingar á handbæru fé	291	(658)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(10)	(4)
Handbært fé í byrjun tímabilsins	835	1.810
Handbært fé í lok tímabilsins	1.116	1.148



Fjárfestingar

Fjárfestingar samkvæmt áætlun





Stafrænt samfélag í sókn

Síminn selur Starlink tengingar

Stöðugt netsamband óháð staðsetningu

- Síminn og Radíómiðun hafa samið um endursölu Starlink gervihnattalausna til fyrirtækja
- Öflug vöruþróun á fyrirtækjamarkaði í takt við áherslu Símans á öruggar tengingar og traust vestræn fjarskiptakerfi

Starlink sjósamband

- Háhraða netsamband til sjávar, samþætt við langdrægt 4G og VSAT fyrir hámarks hagkvæmni

Starlink fyrirtækjaáskriftir

- Traustar tengingar óháð staðsetningu. Varasamband ljósleiðara fyrir aukinn áreiðanleika



Sjónvarp Símans aldrei stærra

Besta innlenda sjónvarpsveitan*

- Á annan tug þúsunda viðskiptavina hafa virkjað áskrift að HBO Max sem nú er innifalin í Sjónvarpi Símans Premium
- Raunveruleikaefni úr smiðju Hayu með yfir eina milljón spilana frá innleiðingu síðsumars
- Reykjavík Fusion er meðal metnaðarfyllstu þáttaraða sem framleiddar hafa verið hér á landi og yfir 70.000 manns horfðu fyrsta þáttinn í frumsýningarvikunni
- Tvær nýjar stórar þáttaraðir verða frumsýndar fyrir áramót og tíu til viðbótar í framleiðslu
- Síminn heldur áfram að fjárfesta í nýju og vönduðu, íslensku barnaefni sem er stór hluti af dagskrárstefnu fyrirtækisins






Nýtt skipulag samstæðu

Skipulag sem styður við frekari vöxt

- Ákveðið hefur verið að hefja undirbúning við að breyta skipulagi samstæðunnar með því að færa fjarskipta- og miðlarekstur Símans í nýtt dótturfélag
- Hlutverk móðurfélagsins verður að styðja við vöxt og þróun samstæðunnar og veita rekstrarfélögum stoðþjónustu
- Breytingarnar auka yfirsýn yfir stærð og afkomu rekstrareininga, auka gagnsæi gagnvart fjárfestum og greiða fyrir nýjum vaxtartækifærum
- Stefnt er að breyttu skipulagi á fyrri helmingi 2026
- Markmiðið er að skapa öfluga samstæðu félaga í stafrænni þjónustu sem getur sinnt þörfum fólks og fyrirtækja á enn breiðara sviði





Hluthafar




Hluthafar

Hlutabréf félagsins hækkað um 32% síðustu 12 mánuði

- Hluthafar voru 949 í lok 3F 2025
- Greiddur var 498 m.kr. arður 28. mars 2025
- Hlutfé var lækkað 24. mars 2025 um 175.000.000 eigin hluti og er hlutfé í félaginu 2.475.000.000 eftir lækkun
- Endurkaup frá áramótum til loka 3F námu 1.701 m.kr.
- Hlutabréf Símans hafa hækkað um 32,0% undanfarna 12 mánuði, en frá áramótum hefur gengi hlutabréfa hækkað um 0,7%

Hluthafar 17.10.2025	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	461.194.170	18,63%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	268.877.095	10,86%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	258.771.439	10,46%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	181.922.187	7,35%
Gildi - lífeyrissjóður	149.446.085	6,04%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	88.849.661	3,59%
Birta lífeyrissjóður	79.595.261	3,22%
Stapi lífeyrissjóður	52.418.813	2,12%
Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	51.306.152	2,07%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	48.750.000	1,97%
10 stærstu hluthafar	1.641.130.863	66,31%
Aðrir hluthafar	726.849.914	29,37%
Samtals útistandandi hlutir	2.367.980.777	95,68%
Eigin bréf	107.019.223	4,32%
Heildarhlutfé	2.475.000.000	100,00%





Horfur 2025

Afkomuspá 2025

Óbreytt afkomuspá út árið

- Afkomuspá fyrir EBITDA og EBIT var lækkuð um 400 m.kr. þann 24. febrúar sl. eftir dóm Hæstaréttar
- Að öðru leyti eru forsendur afkomuspár ársins óbreyttar
- Sýningarréttur á HBO efni hækkar fjárfestingar sem rúmast innan spábils

6,6–7,0 MA.KR.

EBITDA

3,2–3,6 MA.KR.*

EBIT

2,8–3,1 MA.KR.

Fjárfestingar

* EBIT spá er án áhrifa afskrifta á óefnislegum eignum vegna kaupa á félögum







Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.